



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Reykjavík, 6. mars 2024
SFS22030077

Efni: Framhald á tilraunaverkefninu „fyrir í frístundaheimili“ fyrir börn sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu sumarið 2024

Á fundi skóla- og frístundaráðs 12. febrúar 2024 var svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata samþykkt með sex atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins, Pírata og Sjálfstæðisflokksins gegn atkvæði skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflökks Íslands.

Lagt er til að hafa framhald á tilraunaverkefninu „fyrir í frístundaheimili“ sem var starfrækt s.l. sumar í þremur frístundaheimilum og bæta við fleiri starfsstöðum sumarið 2024. Auk þess að bæta við starfsstöðum myndi verkefnið byrja við skólalok grunnskóla í byrjun júní til skólasetningar í ágúst. Lokað yrði í 3 vikur í júlí og fyrstu viku í ágúst. Verkefnið snýr að börnum sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu haustið 2024. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að velja starfsstaði til að taka þátt í tilraunaverkefninu og útfæra nánar miðað við sumarlokun leikskóla og frístundaheimila. Leitað verði umsagna þeirra foreldra-/skólaráða sem tengjast þeim starfsstöðum sem veljast í tilraunaverkefnið. Verkefnið hefjist í júní 2024 og verði að því loknu metið og tekin ákvörðun um framhaldið. Lagt er til að stofnaður verði innleiðingarhópur sem undirbúi og haldi utan um verkefnið. Í innleiðingarhópnum verði fulltrúar stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs auk fulltrúa frá fagskrifstofu og mannauðsskrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Til stendur að tilraunaverkefnið nái sumarið 2024 til leikskóla og frístundaheimila við 10 grunnskóla og að verkefnið hefjist í júní 2024. Í meðfylgjandi minnisblaði, dags. 6. mars 2024, er gerð grein fyrir útfærslu verkefnisins og kostnaði sem af því leiðir.

Óskað er eftir að málið verði afgreitt með þeim hætti að fallist verði á að tilgreindir starfsstaðir taki þátt í tilraunaverkefninu og að útfærslan verði með þeim hætti sem lýst er í meðfylgjandi minnisblaði, dags. 6. mars 2024.

Verkefnið rúmast ekki innan fjárheimilda sviðsins og verður því samhliða óskað eftir viðbótarfjárheimild vegna verkefnisins.



Reykjavík



Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Reykjavík



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Reykjavík, 6. mars 2024
SFS22030077

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Framhald á tilraunaverkefninu „fyrir í frístundaheimili“ fyrir börn sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu sumarið 2024

Á fundi skóla- og frístundaráðs 12. febrúar 2024 var svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata samþykkt með sex atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins, Pírata og Sjálfstæðisflokksins gegn atkvæði skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflakks Íslands.

Lagt er til að hafa framhald á tilraunaverkefninu „fyrir í frístundaheimili“ sem var starfrækt s.l. sumar í þremur frístundaheimilum og bæta við fleiri starfsstöðum sumarið 2024. Auk þess að bæta við starfsstöðum myndi verkefnið byrja við skólalok grunnskóla í byrjun júní til skólasetningar í ágúst. Lokað yrði í 3 vikur í júlí og fyrstu viku í ágúst. Verkefnið snýr að börnum sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu haustið 2024. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að velja starfsstaði til að taka þátt í tilraunaverkefninu og útfæra nánar miðað við sumarlokun leikskóla og frístundaheimila. Leitað verði umsagna þeirra foreldra-/skólaráða sem tengjast þeim starfsstöðum sem veljast í tilraunaverkefnið. Verkefnið hefjist í júní 2024 og verði að því loknu metið og tekin ákvörðun um framhaldið. Lagt er til að stofnaður verði innleiðingarhópur sem undirbúi og haldi utan um verkefnið. Í innleiðingarhópnum verði fulltrúar stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs auk fulltrúa frá fagskrifstofu og mannauðsskrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Til stendur að tilraunaverkefnið nái sumarið 2024 til leikskóla og frístundaheimila við 10 grunnskóla og að verkefnið hefjist í júní 2024. Hér verður gerð grein fyrir útfærslu verkefnisins og jafnframt óskað er eftir fjárheimild til að setja það af stað.

Forsaga málsins

Sumarið 2023 var gerð tilraun í leikskólum og frístundaheimilum við þrjá grunnskóla í Reykjavík að elstu börn leikskóla snúi ekki aftur í leikskóla eftir sumarfrí, heldur taki þátt í starfi frístundaheimilis fram að skólasetningu. Vonast var til að með því að opna frístundaheimilin og grunnskólana fyrir fyrir þennan hóp nýrra barna væri hægt að stuðla



Reykjavík



að því að þetta stóra skref barns frá leikskóla yfir í grunnskóla yrði sem ánægjulegast og þá gæfist starfsfólki frístundaheimila og grunnskóla rými til að mæta börnunum og foreldrum í næði áður en starf grunnskóla hæfist af fullum krafti. Einnig var bent á að hagræði geti verið af því að útskrifa elsta árgang leikskóla fyrr til að geta hugað að innritun og aðlögun nýrra barna í leikskóla eftir að sumarfríi lyki.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 22. janúar 2024 var lögð fram og kynnt skýrslan *Mat á tilraunaverkefni um dvöl barna á frístundaheimili í ágúst 2023 frá sumarlokun leikskóla fram að skólasetningu grunnskóla fyrir börn sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu*, dags. í nóvember 2023. Matið leiddi í ljós almenna ánægju foreldra og barna með verkefnið og starfsfólk taldi skipulag við opnunartíma, móttöku barna, matartíma og kveðjustund hafa almennt gengið vel. Hins vegar sagðist aðeins einn leikskólastjóri hafa getað hafið aðlögun nýrra barna fyrr og hann tók fram að eftir á að hyggja hefði það ekki verið skynsamleg leið að fara vegna mönnunar.

Val á starfsstöðum og nánari útfærsla

Til samræmis við samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 12. febrúar sl. þar sem sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs var falið að velja starfsstaði til að taka þátt í tilraunverkefninu og útfæra nánar miðað við sumarlokun leikskóla og frístundaheimila er lagt til útfærsla verði með þeim hætti sem greint er frá hér að neðan.

Lagt er til að neðangreindir starfsstaðir taki þátt í tilraunaverkefninu sumarið 2024:

Austurmiðstöð:

- Borgaskóli - Hvergiland – Hulduheimar - Hamrar
- Engjaskóli - Brosbær - Engjaborg
- Foldaskóli - Regnbogaland - Sunnufold - Funaborg
- Húsaskóli - Kastali - Brekkuborg
- Hamraskóli - Simbað - Klettaborg
- Norðlingaskóli – Klapparholt - Rauðhóll
- Rimaskóli - Tígriarbær - Laufskálar - Lyngheimar - Fífuborg

Suðurmiðstöð:

- Breiðholtsskóli – Bakkasel - Bakkaborg - Borg
- Seljaskóli - Vínasel - Jöklaborg – Hálsaskógur
- Ölduselskóli – Vínheimar - Seljaborg – Seljakot

Það eru 384 börn sem eru væntanleg í 1. bekk þessara grunnskóla í haust og gert er ráð fyrir að 90% þessara barna taki þátt í starfinu í sumar.

Gert er ráð fyrir að bjóða upp á dvöl á frístundaheimilum fyrir börnin frá 10. júní – 5. júlí og 6. ágúst – 20. ágúst, eða í 31 dag. Foreldrar geta valið annað hvort tímabilið eða bæði. Kostnaður fyrir foreldra vegna þessarar þjónustu skiptist á þessi tvö tímabil; fyrir sumarfrí er gjaldið kr. 31.400 í 1. flokki og 20.900 kr. í 2. flokki og svo eftir sumarfrí er gjaldið kr. 17.300 í 1. flokki og 11.500 kr. í 2. flokki.



Reykjavík



Gjaldið tekur mið af leikskólagjaldi fyrir 8 tíma vistun en almennt skiptist gjaldskrá leikskóla í tvo flokka. Flokkur 1 gildir fyrir börn giftra foreldra eða foreldra í sambúð. Flokkur 2 gildir fyrir börn einstæðra foreldra, foreldra sem eru starfsfólk leikskóla, foreldra sem eru báðir í námi og foreldra sem eru öryrkjar eða á endurhæfingarlífeyri TR.

Skólasetning í grunnskóla Reykjavíkur er 22. ágúst, en 21. ágúst er starfsdagur frístundaheimila og því engin þjónusta þann dag. Verið er að skoða útfærslur á því hvort starfsfólk muni koma frá viðkomandi leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum líkt og síðastliðið sumar, eða eingöngu frá frístundaheimilunum. Frístundaheimilin hafa umsjón með verkefninu. Starfsfólk leikskóla sem sinnir sérhæfðum stuðningi fylgir börnunum.

Gert er ráð fyrir því að börn í 5 ára deildum ofangreindra leikskóla fái uppsögn á sínu leikskólaplássi fyrir 30. apríl 2024 og myndu hætta í leikskólanum þann 7. júní. Þeim stendur til boða að taka þátt í verkefninu *“fyrir í frístundaheimili”* í nærliggjandi grunnskóla eða þeim grunnskóla sem viðkomandi barn/börn er skráð í 1. bekk haustið 2024, taki grunnskólinn þátt í tilraunarverkefninu. Að öðrum kosti getur barnið tekið þátt í *“fyrir í frístundaheimili”* verkefninu í þeim grunnskóla sem flest börnin úr leikskólanum fara í. Verkefnið verður kynnt fyrir foreldrum 5 ára deildanna í byrjun mars og hafa þau frest til 15. maí til að innrita börn sín.

Greitt er fyrir dvölinna í lok júlí og lok ágúst og því kemur ekki til að foreldrar þurfi að greiða bæði fyrir dvöl á leikskóla og frístundaheimili á sama tíma. Eins og í almennu sumarfrístundinni koma börnin með nesti fyrir daginn. Starfsemin fer fram í húsnæði grunnskólanna þar sem frístundaheimilin eru að reka sumarfrístund fyrir börn í 1. – 4. bekk fram að skólasetningu.

Aðlögun barna í leikskóla í júní

Hingað til hefur aðlögun barna í leikskóla að öllu jöfnu ekki hafist fyrr en í kringum 20. ágúst og stendur sú aðlögun oft langt fram á haustið. Verkefnið *“fyrir í frístundaheimili”* gefur leikskólunum svigrúm til að hefja aðlögun flutningsbarna og yngri barna fyrr en áður hefur tíðkast eða strax í júní.

Þeir 17 leikskólar sem taka þátt í verkefninu *“fyrir í frístundaheimili”* sumarið 2024 útskrifa elstu börnin þann 7. júní og við brottför elsta hópsins ætti að vera tækifæri og svigrúm til að hefja aðlögunarferlið strax í kjölfarið. Samkvæmt innritun eru 318 pláss sem verða til í þessum leikskólum þegar börnin sem fædd eru 2018 hætta í júní. Frá 10. júní er byrjað að færa öll börn innan leikskólans upp um deildir og undirbúa aðlögun barna af biðlista. Frá 18. júní byrjar aðlögun fyrir börn fædd 2019 – 2021. Áætla má að aðlögun fyrir þennan hóp ljúki fyrir sumarlokun. Samtals eru þetta 131 barn miðað við stöðu biðlista 28. febrúar 2024.

Stefnt er að hefja aðlögun hluta yngstu barna (fædd 2022 og 2023) í júní með það að markmiði að ná inn 50% barna af biðlista fyrir sumarlokun. Það ræðst að því hvort að starfsfólk leikskólanna fylgi börnunum í „*fyrir í frístundaheimili*“ í júní og júlí eða ekki. Frá því að leikskólinn opnar aftur eftir sumarlokun er hægt að halda áfram með aðlögun barna fædd 2022 og 2023. Þetta innritunar- og aðlögunarferli mun því hefjast tveimur mánuðum fyrr en áður.

Fjárhagslegt mat á tilraunaverkefninu





Til grundvallar er lögð sú forsenda starfhóps að af 384 börnum, sem eru að fara í viðkomandi grunnskóla, muni þau öll nýta þjónustuna í júní og síðan muni 346 eða 90% nýta þjónustuna í ágúst. Miðað er við að greidd séu leikskólagjöld m.v. átta tíma vistun og að greitt sé gjald skv. flokki 1 fyrir 2/3 hópsins en skv. flokki 2 fyrir 1/3 hópsins. Sjá gjaldskrá <https://reykjavik.is/leikskolagjold>. Heildartekjur m.v. þessar forsendur eru 22 milljónir króna. Gengið er út frá því að á meðan verkefnið er tilraunaverkefni sé miðað við gjaldskrá leikskóla en ef verkefnið verður framkvæmt um alla borg sé ákveðið hvort miða eigi við gjaldskrá leikskóla eða gjaldskrá frístundaheimila.

Útfærsla A: Starfshópurinn leggur til grundvallar að á hverri starfsstöð verði tveir starfsmenn frá frístundaheimilinu, aðrir starfsmenn í júní komi úr leikskólum og verði úr núverandi starfsmannahópi leikskóla og því feli það ekki í sér viðbótarkostnað. Í ágúst er gert ráð fyrir að grunnskólar þurfi að ráða 28 skólaliða/stuðningsfulltrúa mánuði fyrr til starfa í frístundaheimili. Miðað er við að skólaliði/stuðningsfulltrúi og frístundaleiðbeinandi kosti um 625 þús. kr. með launatengdum gjöldum á mánuði og frístundastjórnandi kosti um 1 milljón kr. með launatengdum gjöldum á mánuði. Gert er ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður verði 1,5 milljónir króna pr. starfsstöð og innifalið í því er m.a. standsetning, frágangur, ræsting og annar tilfallandi kostnaður. Gert er ráð fyrir að frístundastarfsfólk starfi í júní til ágúst en skólaliðar/stuðningsfulltrúar grunnskóla starfi í rúmar tvær vikur í ágúst. M.v. að tekjur séu um 22 milljónir króna, launakostnaður 48 starfsmanna um 66 milljónir króna og annar rekstrarkostnaður um 15 milljónir króna. Kostnaður m.v. ofangreindar forsendur er því 81 milljón en tekjur 22 milljónir. Leikskólagjöld vegna nýrra leikskólabarna á tímabilinu koma til frádráttar en erfitt er að gera nákvæma áætlun um þau að svo stöddu. Verkefnið felur í sér heildarkostnað allt að fjárhæð 59 milljónir króna.

Útfærsla B: Ef forsendum er breytt og ákveðið að verkefnið verði mannað af starfsfólki frístundaheimila og starfsmenn leikskóla starfi áfram í leikskólum fyrir utan þá sem hafa sinnt sértækum stuðningi við þennan barnahóp, þá yrðu ráðnir 28 frístundaleiðbeinendur í stað leikskólastarfsmanna í júní. Með því móti væri hægt að taka fleiri börn af biðlistum inn á leikskóla í júní. Frístundaleiðbeinendur/ráðgjafar myndu þá starfa áfram í ágúst í stað starfsfólks grunnskóla. Það mun fela í sér viðbótarútgjöld að fjárhæð 17,5 milljónir króna en sami kostnaður væri vegna annars rekstrarkostnaðar en hærri tekna vegna fleiri nýrra leikskólabarna. Líkt og í útfærslu A koma leikskólagjöld á tímabilinu til frádráttar en erfitt er að gera nákvæma áætlun um þau að svo stöddu. Verkefnið myndi fela í sér heildarkostnað að fjárhæð allt að 77 milljónir króna.

Skóla- og frístundasvið mælir með að útfærsla B verði valin í ljósi þess að hún býður upp á umfangsmeiri aðlögun í leikskóla og leitar sviðið því eftir fjárheimild að upphæð allt að 77 milljónum króna til að setja það af stað.

Verkefnið rúmast ekki innan fjárheimilda sviðsins.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Reykjavík



Reykjavík



UMSÖGN

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Framhald á tilraunaverkefninu „Fyrir í frístundaheimili“ fyrir börn sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu sumarið 2024 – umsögn FAS

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um framhald á tilraunaverkefninu „fyrir í frístund“. Um er að ræða nokkrar tillögur að útfærslu verkefnisins og með tillögunum fylgir greinargerð og útreikningar skóla- og frístundasviðs á fjárhagslegum áhrifum. Lagt er til að hafa framhald á tilraunaverkefninu „fyrir í frístundaheimili“ sem starfrækt var sl. sumar í þremur frístundaheimilum og bæta við fleiri starfsstöðvum sumarið 2024. Auk þess að bæta við starfsstöðvum, myndi verkefnið byrja við skólalok grunnskóla í byrjun júní til skólasetningar. Lokað yrði í 3 vikur í júlí og fyrstu viku í ágúst. Verkefnið snýr eingöngu að börnum sem eru að ljúka leikskóla og hefja grunnskólagöngu haustið 2024. Í forsendum kostnaðarmatsins er gert ráð fyrir að af 384 börnum, sem eru að fara í viðkomandi grunnskóla, muni þau öll nýta þjónustuna í júní og síðan muni 346 eða 90% nýta þjónustuna í ágúst. Skv. kostnaðarmati sviðsins þá myndi verkefnið fela í sér heildarkostnað að fjárhæð á milli 59 og 77 milljónir króna, eftir því hvaða leið verður farin en starfshópurinn leggur til tvenns konar útfærslur á verkefninu. Leikskólagjöld á tímabilinu koma til frádráttar en erfitt er að gera nákvæma áætlun um þau að svo stöddu.

Útfærsla A: Starfshópurinn leggur til grundvallar að á hverri starfsstöð verði tveir starfsmenn frá frístundaheimilinu, aðrir starfsmenn í júní komi úr leikskólum og verði úr núverandi starfsmannahópi leikskóla og því feli það ekki í sér viðbótarkostnað. Í ágúst er gert ráð fyrir að grunnskólar þurfi að ráða 28 skólaliða/stuðningsfulltrúa mánuði fyrir til starfa í frístundaheimili. Miðað er við að skólaliði/stuðningsfulltrúi og frístundaleiðbeinandi kosti um 625 þús. kr. með launatengdum gjöldum á mánuði og frístundastjórnandi kosti um 1 milljón kr. með launatengdum gjöldum á mánuði. Gert er ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður verði 1,5 milljónir króna pr. starfsstöð og innifalið í því er m.a. standsetning, frágangur, ræsting og annar tilfallandi kostnaður. Gert er ráð fyrir að frístundastarfsfólk starfi í júní til ágúst en skólaliðar/stuðningsfulltrúar grunnskóla starfi í rúmar tvær vikur í ágúst. M.v. að tekjur séu um 22 milljónir króna, launakostnaður 48 starfsmanna um 66 milljónir króna og annar rekstrarkostnaður um 15 milljónir króna. Kostnaður m.v. ofangreindar forsendur er því 81 milljón en tekjur 22 milljónir. Leikskólagjöld vegna nýrra leikskólabarna á tímabilinu koma til frádráttar en erfitt er að gera nákvæma áætlun um þau að svo stöddu. Verkefnið felur í sér heildarkostnað allt að fjárhæð 59 milljónir króna.



Útfærsla B: Ef forsendum er breytt og ákveðið að verkefnið verði mannað af starfsfólki frístundaheimila og starfsmenn leikskóla starfi áfram í leikskólum fyrir utan þá sem hafa sinnt sértækum stuðningi við þennan barnahóp, þá yrðu ráðnir 28 frístundaleiðbeinendur í stað leikskólustarfsmanna í júní. Með því móti væri hægt að taka fleiri börn af biðlistum inn á leikskóla í júní. Frístundaleiðbeinendur/ráðgjafar myndu þá starfa áfram í ágúst í stað starfsfólks grunnskóla. Það mun fela í sér viðbótarútgjöld að fjárhæð 17,5 milljónir króna en sami kostnaður væri vegna annars rekstrarkostnaðar en hærri tekna vegna fleiri nýrra leikskólabarna. Líkt og í útfærslu A koma leikskólagjöld á tímabilinu til frádráttar en erfitt er að gera nákvæma áætlun um þau að svo stöddu. Verkefnið myndi fela í sér heildarkostnað að fjárhæð allt að 77 milljónir króna. **Samkvæmt kostnaðarmati mun því kostnaður við verkefnið vera á bilinu 59-77 milljónir króna eftir því hvort útfærsla A eða B verður valin.**

Umsögn

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt tillögurnar og kostnaðarmatið. Erfitt er að spá fyrir með hvaða hætti tillögurnar þróast, bæði vegna óvissu um fjölda barna sem taka þátt í verkefninu og einnig hvernig gengur að innrita börn í leikskóla á þessum tíma. Því er ljóst að kostnaðarmatið felur í sér mikla óvissu. Skv. fjárhagslegu mati á tilraunaverkefninu frá árinu 2023 þá var verkefnið kostnaðarmeira en upphafleg áætlun gerðir ráð fyrir en þar munar helst um að fjöldi barna sem tók þátt í verkefninu var 93% af þeim fjölda sem forsendur gerðu ráð fyrir. Einnig má benda á að ef framkvæmdin verður með sama hætti og í fyrra, þar sem frístund tekur eingöngu við eftir sumarfrí þá mun kostnaður lækka verulega og ætti að rúmast innan ramma frístundar. Miðað við það mat sem barst frá Skóla- og frístundasviði þá er kostnaðurinn 37 milljónir króna.

Kostnaðarmat á verkefni		
Útfærsla A	Útfærsla B	Frístund eftir sumarfrí
59.000.000	77.000.000	37.000.000

Verði tillagan samþykkt er lagt til að skóla- og frístundasvið nýti þær niðurstöður sem koma fram í skýrslu tilraunaverkefnisins við ákvarðanatöku á framkvæmd. Í ljósi þeirra mikilla óvissu um þátttöku og áhrifin sem það hefur á kostnað verkefnisins þá er mikilvægt að verkefnið verði endurmetið eftir því sem ljóst verður hvaða fjöldi mun taka þátt til að kostnaðurinn sé með öllu ljós áður en haldið er af stað með verkefnið. Að sama skapi er bent á að nauðsynlegt er að skoða samspil tillögunnar við það svigrúm sem hefur verið til staðar innan ramma frístundar sl. ár eða við brúum bilið verkefnið og það fjármagn sem tekið hefur verið frá vegna þess í fimm ára áætlun.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs